



Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1646

Föstudagur 24. febrúar 2023 / kl. 11.30 / Rafrænn fundur

- Efni fundarins:** Prettáandi stjórnarfundur Skíðasambands Íslands (SKÍ) 2021 – 2023.
Fundarstjóri: Bjarni Theódór Bjarnason (formaður).
Fundarritari: Huguín Elvarsdóttir.
Pátttakendur: Jónas Egilsson framkvæmdastjóri, Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Gísli Reynisson gjaldkeri, Huguín Elvarsdóttir ritari, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinanevndar, Jón Egill Sveinsson varaformaður og Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar.
Fjarverandi: Friðbjörn Benediktsson formaður snjóþrettanefndar

Fundur settur kl. 11.37.

Fundardagskrá:

1. Síðasta fundargerð
2. Helstu niðurstöður ársreikningi 2022
3. Breytt útlit fjárhagsáætlunar
4. Vinnureglur um uppgjör í ferðum og verkefnum á vegum SKÍ
5. Tillaga um kaup á laser rifflum
6. Fulltrúar í stjórn Lowlander-verkefnisins
7. Fundir og þing
 - a. Þing ÍSÍ 2022, verður haldið 5. og 6. maí 2023 (á Suðvesturhorni landsins)
 - b. Þing FIS (on-line), 25. maí 2023
 - c. WSF þing 15.-18. júní í Innsbruck og WSF tæknifundur 22.-24. sept. í Zürich
 - d. IBU Development Info Day fjarfundur á Zoom miðvikudaginn 22. mars nk.
 - e. FIS fundir og þing í Reykjavík 4.- 6. júní 2024 – kynnt á fundi
8. Mál til kynningar – stuttrar umræður
 - a. Fræðslu- og afreksmál – kynnt á fundi
 - b. Tæknifulltrúar Technical Delegates – staða og endurnýjun – kynnt á fundi
 - c. Tillaga um heiðursmerki
 - d. Mótakerfið (-forritið) – staðan – kynnt á fundi
 - e. Ríkisstyrkur 2023 – tilkynning frá ÍSÍ
 - f. Útbreiðslustyrkur 2023
9. Önnur mál

Fundargerð

1. Síðasta fundargerð

- a. Samþykkt samhljóða og fundargerð gerð opinber á vef SKÍ.

2. Helstu niðurstöður ársreikningi 2022

- a. Jónas, framkvæmdastjóri SKÍ fór yfir stöðu mála. Gert er ráð fyrir fyrstu drögum að ársreikning í marsmánuði.
- b. Gísli kemur inn á mikilvægi þess að hafa áætlun ársins með inn í tölunum.

3. Breytt útlit fjárhagsáætlunar

- a. Breyta þarf framsetningu á fjárhagsáætlun þannig að við getum borið hana saman við ársreikning fyrri árs og áætlanir o.fl.
- b. Stjórn samþykkir að Jónas taki boltann áfram að móta nýja framsetningu og útlit fjárhagsáætlunar í samráði við Gísla.

4. Vinnureglur um uppgjör í ferðum og verkefnum á vegum SKÍ

- a. Jónas hefur mótað vinnureglur að ósk stjórnar um mótun á skýrari ramma og reglum tengt ferðum á verkefnum SKÍ.
- b. Mikilvægt fyrir stjórn að hafa betra yfirlit yfir það fjármagn sem er áætlað í ferðir á vegum fagnefnda o.fl.

5. Tillaga um kaup á laser rifflum

- a. Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar fer yfir.
- b. Spurning um kaup á átta rifflum í eigu UMSK. Það sem fylgir er taska og skotmark með hverjum riffli.
- c. Riffilarnir voru keyptir til landsins fyrir um árum en rafhlöðurnar í þeim voru endurnýjaðar sumarið 2022.
- d. Kaupverð á nýjum riffli er 425.000 kr.- miðað við útsöluverð frá framleiðanda) en m.v. aldur og notkun er verðið komið í 1,1 milljón fyrir 8 riffla. Möguleikar eru á að annað hvort leigja þá út eða selja aftur.
- e. Samþykkt af stjórn.

6. Fulltrúar í stjórn Lowlander-verkefnisins

- a. Sigurður Nikulásson, formaður alpagreinaneftndar fór yfir álit sitt á verkefninu sem að hann hefur fylgst með undanfarin ár en að hans mati er verkefnið ekki nægilega vel skipulagt og það þarf að setja meiri orku og tíma í að sinna þessu verkefni betur. Sigurður kemur inn á að við þurfum að hafa meiri áhrif innan verkefnisins um umgjörð, þjálfun, staðsetningu o.fl.
- b. Sigurður býður kost á sér í stjórn verkefnisins vegna þessa.
- c. Gísli kemur inn á að á heimasíðunni eru fjórir þjálfarar og tveir af þeim eru íslenskir - Grímur og Egill. Grímur ætlar ekki að vera áfram og Egill er ekki sáttur við uppleggið.
- d. Jón Egill, varaformaður SKÍ tekur fram að hann hafi líka reynslu af verkefninu sem er ekki nægilega vel skipulagt og tekur undir mikilvægi þess að ráðast sem fyrst í breytingar og að við bætum úr þessu. Jón tekur fram að hann telji afreksstjóra hafa unnið gott starf við að keyra verkefnið áfram.
- e. Stjórn SKÍ samþykkir að Sigurður gefi kost á sér í stjórn Lowlanders og styður hans heilshugar í að skoða upplegg þetta verkefnis betur.

- f. Stjórn kemur líka inn á að stjórn SKÍ þarf að nýta næsta árið vel í að skoða hvort við ætlum síðan yfirhöfuð að vera í þessu verkefni eða ekki.

Hugrún Elvarsdóttir, ritari SKÍ þarf að fara út af fundi. Jónas Egilsson lýkur við ritun fundargerðar.

7. Fundir og þing – lagt fram til kynningar

- a. Þing ÍSÍ 2022, verður haldið 5. og 6. maí 2023 (á Suðvesturhorni landsins)
- b. Þing FIS (on-line), 25. maí 2023
- c. Tæknifundur FIS í Króatíu 3.- 5. maí nk.
- d. WSF þing 15.-18. júní í Innsbruck og WSF tæknifundur 22.-24. sept. í Zürich.
- e. IBU Development Info Day fjarfundur á Zoom miðvikudaginn 22. mars nk.
- f. FIS fundir og þing í Reykjavík 4.- 6. júní 2024.

8. Mál til kynningar – stuttrar umræður

- a. Fræðslu- og afreksmál. Jónas benti á fyrirspurnir vegna námskeiða fyrir þjálfara. Einnig benti hann á að við þyrftum að skoða íþróttastefnu sambandsins, en ríkið og ÍSÍ hafa ákveðið að ráða nýja afreksstjóra sem tekur til starfa síðar á árinu.
- b. Tæknifulltrúar *Technical Delegates* (TD). Við þurfum að fjölga viðurkenndum TD í göngu og alpagreinum. Eigum engan í brettum.
- c. Tillaga um heiðursmerki. Lögð fram tillaga um tvennar viðurkenningar. Formanni falið að afhenda viðkomandi merkin við næstu mögulegu tækifæri.
- d. Mótakerfið. Búið er að gera samning við Valitor um að tengja greiðsluferfi þeirra við mótakerfið. Einnig búið að semja leiðbeiningar fyrir notendur sem settar verða á aðgengilegum stað í forritinu.
- e. Ríkisstyrkur 2023. Lagt fram bréf frá ÍSÍ um ríkisstyrk til SKÍ á árinu 2023.
- f. Útbreiðslustyrkur 2023. Lagt fram bréf frá ÍSÍ um útbreiðslustyrk til SKÍ fyrir árið 2023.

9. Önnur mál

- a. Starfsmannamál. Formaður greindi frá umræðum og gangi mála í samræmi við ákvörðun síðasta fundar. Samþykkt að hann og gjaldkeri leiði málið áfram og kynni fyrir stjórn.
- b. Sigurður greindi frá aðkomu sinni á nýafstöðnu HM í alpagreinum í Courchevel/Maribel. Samþykkt að greiða honum útlagðan kostnað og dagpeninga skv. reglum SKÍ.

10. Næsti fundur

- a. Ákveðið að stefna að næsta fundi að lokinni keppni á SMÍ í Reykjavík sunnudaginn 26. mars nk.

Fundi slitið kl. 13:15

Hugrún Elvarsdóttir og Jónas Egilsson rituðu fundargerð